

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórnar Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.
Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10100.
Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22480.

Áskriftargjald 2000.00 kr. á mánuði innanlands.
í lausasölu 100 kr. eintakið.

Þeir stefna í atvinnuleysi

Fiskverð hefur hækkað. Hallarekstur fiskvinnslunnar hefur aukizt að sama skapi. Tap á rekstri frystihúsa er nú áætlað um 6 milljarðar króna á ári. Peningar eru til í Verðjöfnunarsjóði. Þess vegna er hægt að halda frystihúsunum gangandi næstu tvo mánuði. Það er rétt sem Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra segir í viðtali við Morgunblaðið í gær: „Ef fiskverð hefði ekki hækkað hefði það verið bæði óheilbriggt og ósanngjarnt gagnvart sjómönnum og reyndar útgerðarmönnum líka“. Það er líka rétt sem sjávarútvegsráðherra sagði um þessa hækkingu: „En það er enginn og var enginn grundvöllur fyrir hækkingu fiskverðs að þessu sinni.“ Einhver kann að segja: þetta ástand sýnir að ríkisstjórnin hefur ekki haldið vel á efnahags- og atvinnumálum. Hið rétta er: þetta ástand sýnir hvers vegna ríkisstjórnin sá sig knúna til að grípa inn í gerða kjarasamninga í febrúar. Ef ríkisstjórnin hefði ekki gert það hefði kaupgjald og annar kostnaður hækkað margfalt meira en þó hefur orðið raunin. Þá stæðu menn ekki frammi fyrir vanda fiskvinnslunnar eftir nokkra mánuði heldur hefði fiskvinnslan og margar aðrar atvinnugreinar stöðvazt strax í vetur og atvinnuleysi fylgt í kjölfarið.

Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag og nokkrir forystumenn verkalyðssamtakanna hafa hagað sér af fullkomnu ábyrgðarleysi í kjaramálunum undanfarna mánuði. Þessir aðilar krefjast þess að full vísitala verði greidd á hærri laun. Krafa þeirra í dag um samningana í gildi jafngildir kröfu um samningana í gildi jafngildir kröfu um atvinnuleysi.

Ríkisstjórnin hefur tryggt fulla atvinnu allt kjörtímabilið. Ríkisstjórnin hefur bætt kjör láglaunafólks með bráðabirgðalögunum og um leið hrint í framkvæmd launajöfnunarstefnu og tryggt vinnufrið í landinu. Hagur elli- og örorkulífeyrisþega hefur stöðugt batnað allt kjörtímabilið núverandi ríkisstjórnar en mestan hluta tímabils vinstri stjórnar versnaði hann.

Komist Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag til valda eftir kosningar og hrindi í framkvæmd stefnu sinni í kjaramálum þýðir það stöðvun atvinnuvega og stórfellt atvinnuleysi. Það er að vísu ekkert nýtt að ríkisstjórnir í Evrópu sem jafnaðarmenn og sósíalistar eiga aðild að, telji vænlegast að leysa verðbólguvandann með atvinnuleysi. Er það eina ráð Alþýðuflokks og Alþýðubandalags?

Er Alþýðuflokknum treystandi?

Benedikt Gröndal formaður Alþýðuflokksins segir nú að flokkurinn vilji tryggja varnir landsins. Það er ánægjuleg yfirlýsing. En er Alþýðuflokknum að treysta í þeim efnum? Geir Hallgrímsson forsætisráðherra telur í viðtali við Morgunblaðið í gær að Alþýðuflokknum sé vart treystandi og minnr á að atkvæði greitt Alþýðuflokknum í þingkosningum getur verið atkvæði greitt vinstri stjórn og þá um leið varnarlausu landi.

Ástæðan fyrir því að spurningar vakna um það hvort Alþýðuflokknum sé að treysta í varnarmálum er tvíþætt. Í fyrsta lagi hafði Alþýðuflokkur frumkvæði um þá stefnumótun á tímum fyrri vinstri stjórnar að varnarlið skyldi hverfa af landi brott. Horfði var frá því þá. Í öðru lagi fluttu allir þingmenn Alþýðuflokksins tillögu á Alþingi 1973 með Benedikt Gröndal sjálfan í fararbroddi þar sem lagt var til að Ísland yrði gert að „óvopnaðri eftirlitsstöð“, jafnvel á vegum Sameinuðu þjóðanna. Tillögu þessari var lýst sem málamiðlun milli andstæðra sjónarmiða um dvöl varnarliðsins hér. Sams konar tillaga var samþykkt á flokksþingi Alþýðuflokks 1972. Hefur Alþýðuflokkur fallið frá þessari tillögu? Hefur Alþýðuflokkur komizt að þeirri niðurstöðu að sú skoðun, sem þar kom fram, hafi verið röng? Getur sagan frá 1956 endurtekið sig að Alþýðuflokkur standi að samþykkt um brottför varnarliðsins sem þýðir varnarlaust land? Það er ekki að ástæðulausu að formaður Sjálfstæðisflokksins varar við því að menn treysti á Alþýðuflokkinn í þessum efnum.


Sjálfstæðisflokkurinn er eini stjórnarmálflokkurinn sem fylgir heilsteyptri stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn er stuðningur við festu í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar.

Svavar og 50 mílurnar

Útfræslan í 200 sjómílar er mesta afrek sem unnið hefur verið í sjálfstæðismálum þjóðarinnar frá því að lýðveldi var stofnað. 50 kunnir forystumenn í sjávarútvegi höfðu forystu um þetta mál. Morgunblaðið og Sjálfstæðisflokkur fylgdu því eftir. En tregða þáverandi stjórnarherra var mikil.

Í sjónvarpsþætti sagði Svavar Gestsson sem nú er efsti maður á lista Alþýðubandalagsins í Reykjavík að það væri fyrirsjáanlegt að 50 mílurnar yrðu höfudverkefni næstu ára. Þessi ummæli sýna að lítið hefði áunnizt í andhelgismálum ef sá maður og flokkur hans hefðu ráðið ferðinni í andhelgismálum síðustu ára. En svo varð ekki.

200 mílna fiskveiðilögsaga okkar hefur verið tryggð og hreinsuð af riendum fiskiskipum þrátt fyrir tregðu Alþýðubandalagsins.



Áhorfendur á sýningu Errós að Kjarvalsstöðum eru á ýmsum aldri eins og sjá má. Málverkið lengst til vinstri er úr Kínverja-syrpu Errós og segist hann ekki ætla að láta þá mynd.

Sýning Errós að Kjarvalsstöðum slær öll aðsóknarmet

AÐSÓKN að listsýningum í Reykjavík vegna Listahátíðar hefur yfirleitt verið góð en misjöfn. Sýning Errós á Kjarvalsstöðum hefur slegið öll aðsóknarmet, hana hafa sótt um sex þúsund manns síðan á laugardag þegar hún var opnuð.

Í Listasafni Íslands við Hringbraut er sýning á bandarískri myndlist „Amerískar teikningar 1927–1977“ frá listasafninu Minnesota Museum of Art og var sú sýning haldin vegna fimmtíu ára afmælis umrædds safns. Listasafn Íslands fékk síðan kjarna sýningarinnar hingað, 75 verk eftir jafn marga listamenn og er farandsýning þessi, sem á að fara víða um lönd, fyrst hér á ferðinni utan Bandaríkjanna. Á sýningunni er mjög vönduð sýningarskrá með myndum og var hún gerð sérstaklega fyrir sýninguna hér.

Aðsókn hefur verið góð og talið að um 2000 manns hafi séð hana frá opnuninni 4. júní. Sýningin verður opin til 1. júlí frá kl. 13.30–22.

Í Bogasafni Þjóðminjasafnsins er frönsk sýning á ofnum myndverkum ásamt frumdrögum og frjálstri myndlist sem er tengd myndvefnaði. Verkin eru eftir listamenn af ýmsu þjóðerni. Franska sendiráðið á Íslandi hafði milligöngu um komu sýningarinnar „Frönsk veflist og grafík“ á Listahátíð. Aðsókn að myndvefnadarsýningunni hefur verið nokkuð góð að sögn aðstandenda.

Í kjallara Norræna Hússins er sýning á verkum finnska listmálaraans Seppo Mattinen og dönsku listakonunnar Helle-Vibeke Erichsen. Mattinen sýnir þrjátíu og átta málverk og tíu tréristur. Helle-Vibeke sýnir tuttugu og átta ætímyndir, þrjátán tréristur og fjórar tréristur í lit. Sýning þessi var opnuð 3. júní og aðsókn

hefur verið ágæt, sérstaklega um síðustu helgi, að sögn aðstandenda.

Í bókasafni Norræna Hússins er sýning á vatnslitamyndum eftir Vigdís Kristjánsdóttur og nefnist sýningin „Íslenskar jurtir og blóm“. Vigdís átti verk á sýningunni „Norræn Vefjarlist“ í Norræna Húsinu, á Listahátíð 1974. Heillaóskakort eftir vatnslitamyndum Vigdísar og árituð af listakonunni eru til sölu á sýningunni. Aðsókn hefur verið góð og eins og víðast annars staðar var hún mest um síðustu helgi. Í tilefni af sýningunum og tónleikum í Norræna Húsinu vegna Listahátíðar hefur stjórn hússins útbúið vandaða sýningarskrá.


Málverkasýning Kristjáns Davíðssonar, sem var opnuð 3. júní, er í FÍM salnum að Laugarnesvegi 112. Aðsókn hefur verið sæmíleg en nokkur hundruð manns hafa séð sýninguna frá því um helgi. Á sýningunni eru sýnishorn af verkum listamannsins frá fyrstu tíð. Verkin eru af ýmsum toga: Olíumálverk, klippimyndir, vatnslitamyndir, teikningar og verk unnin með blandaðri tækni.

Í Ásmundarsal við Freyjugötu er höggmyndasýning, samsýning myndhöggvarafélags Reykjavíkur. Þeir sem eiga verk á sýningunni eru Hallsteinn Sigurðsson, Helgi Gíslason, Ívar Valgarðsson, Jón Gunnar Árnason, Magnús Á. Árnason, Magnús Pálsson, Niels Hafstein, Ragnar Kjartansson, Rúri, Sigfús Thorarensen, Sigurður Steinsson, Sigurjón Ólafsson og Sverrir Ólafsson. Flest verkanna eru til sölu. Sýningin var opnuð 4. júní og stendur til 16. júní. Aðsókn hefur verið sæmíleg að sögn.

Aðsóknin að yfirlitssýningu Errós að Kjarvalsstöðum er slík að dómurnar í miðasöluinni fá vart tækifæri til að líta upp. Um síðustu helgi sáu sýninguna um fjögur til fimm þúsund manns en alls höfðu um sex þúsund séð hana á miðvikudag. Sýningin er yfirlitssýning á málverkum Errós frá 1959–1978 auk sérsýningar á nýjum klippimyndum hans þar sem hann blandar saman reykviskum viðfangsefnum og kínversku umhverfi.

Þær Kristín Jónasdóttir og Hólfríður Hafliðadóttir starfsstúlkur á Kjarvalsstöðum sögðu að engin leið hefði verið að skoda sýninguna vel um helgina því örtröðin hefði verið slík. Viðbrögð fólks við sýningunni væru þau að margir væru undrandi, sumir hneykslaðir en flestir hefðu á orði að þá langaði að koma aftur.


„Það er engin furða þótt flestir sækji sýningu Errós,“ varð einni konu að orði og bætti við: „Þetta er eins og þegar týndi sonurinn kemur heim...“



Frá sýningu Kristjáns Davíðssonar í FÍM salnum að Laugarnesvegi 112.



Frá sýningunni á bandarískri myndlist, „Amerískar teikningar 1927–1977“ í Listasafni Íslands.



Frá sýningu Seppo Mattinens og Helle-Vibeke Erichsen í kjallara Norræna Hússins. Ljósma. RAX.